

Priðjudaginn 7. júní 1994.

Nr. 252/1994.

Myllan-Brauð hf.

(sjálf)

gegn

skattstjóranum í Reykjavík

(Sigrún Guðmundsdóttir hrl.)

Kærumál. Matsbeiðni. Málflutningur. Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein og Ingibjörg Benediksdóttir, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili hefur með heimild í c-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála skotið málinu til Hæstaréttar með kæru 16. maí 1994, sem barst réttinum 31. sama mánaðar. Krefst sóknaraðili þess, að hinum kærða úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur verði hrundið og lagt fyrir héraðsdómara að dómkveðja matsmenn í samræmi við beiðni hans. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar á hinum kærða úrskurði og kærumálskostnaðar.

Mál þetta varðar beiðni um dómkvaðningu matsmanna án tengsla við höfðað dómsmál, sbr. 1. mgr. 77. gr. laga um meðferð einkamála, sem sóknaraðili afhenti Héraðsdómi Reykjavíkur 30. nóvember 1993. Varðaði matsefnið skattframtal sóknaraðila árið 1991 til varnaraðila, skattstjórans í Reykjavík, fyrir rekstrarárið 1990. Beiðnin var tekin til meðferðar á dómþingi 17. desember 1993 fyrir fulltrúa dómstjóra, að viðstöddum umboðsmanni sóknaraðila og tveimur umboðsmönnum varnaraðila, er lögðu fram skrifleg mótmæli við því, að beiðnin næði fram að ganga. Tók dómariinn ágreiningsefnið til úrskurðar í samræmi við 3. mgr. 78. gr. laga um meðferð einkamála, eftir að fulltrúar aðila höfðu tjáð sig um málið á dómþinginu.

Dómari þessi fór í leyfi um áramótin, eins og frá greinir í hinum kærða úrskurði, og var málið fengið öðrum fulltrúa dómstjóra til meðferðar um miðjan janúar. Tók sá dómari málið fyrir í þinghaldi 10. maí 1994 og kvað upp hinn kærða úrskurð á grundvelli fram

kominna gagna um matsbeiðnina og þess, sem bókað var um hið fyrra þinghald. Voru fulltrúar málsaðila viðstaddir uppkvaðninguna, en eigi verður séð, að þeim hafi verið gefinn kostur á að tjá sig um ágreiningsefnið fyrir hinum nýja dómara.

Þessi meðferð málsins fór í bága við meginreglu réttarfars um munnlegan og milliliðalausán málflutning. Verður ekki hjá því komist að ómerkja hinn áfrýjaða úrskurð og meðferð málsins frá og með 17. desember 1993 og vísa málinu heim til löglegrar meðferðar og úrskurðar að nýju.

Það athugast, að töf á síðari fyrirtöku málsins hefur ekki verið nægilega réttlætt.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður og meðferð máls þessa fyrir Héraðs-dómi Reykjavíkur frá og með þinghaldi 17. desember 1993 eiga að vera ómerk, og er málinu vísað heim til löglegrar meðferðar og uppsögu úrskurðar að nýju.
